



Fellsmörk

**Aðalfundur
7. maí 2024**

Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk verður haldinn
Þriðjudag, 7. maí 2024, kl. 20:00
í samkomusal Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðavatni,
sjá meðfylgjandi kort.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga
í samræmi við 4. grein félagslaga
4. Ákvörðun um félagsgjald næsta starfsár
5. Önnur mál
- Plöntudagsnefnd

Kaffiveitingar

Fræðsluerindi um gönguleiðir á Fellsmörk, Einar Ragnar Sigurðsson

Skipun stjórnar og stjórnarfundir

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk (**FLÁF**) sem er skipuð fulltrúum brauta var skipuð eftirfarandi félögum og skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt eftir aðalfund 16. maí 2023. Enginn gaf kost á sér til setu í stjórn frá Dalbraut en Hallur Björgvinsson frá Heiðarbraut gaf kost á sér þess í stað. Stjórnin var óbreytt frá fyrra ári.

Einar Ragnar Sigurðsson frá Hlíðarbraut, formaður stjórnar

Guðrún S. Ólafsdóttir frá Keldudal, gjaldkeri

Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir frá Heiðarbraut, ritari

Einar Kristjánsson frá Gilbraut, meðstjórnandi

Hallur Björgvinsson frá Heiðarbraut en fyrir Dalbraut, meðstjórnandi

Tryggvi Þórðarson frá Króki, meðstjórnandi

Valdimar Reynisson frá Hólsbraut, meðstjórnandi

Alls voru haldnir 4 stjórnarfundir á tímabilinu, allir eftir áramót 2024.

Helstu þættir í starfi frá júní 2023 – maí 2024



© Einar Ragnar Sigurðsson 2021 / eirasi.is

Plöntudagur

Það gekk erfiðlega að halda dagskrá samkvæmt áætlun þar sem trjáplöntur bárust ekki í tíma og svo þegar hafa átti pöntudag og plöntur voru komnar, varð að fresta vegna veðurs. Að endingu var plöntudagur haldinn í votviðri, laugardaginn 16. september. Settar voru niður um 2000 plöntur og afgangur í boði til að planta í landnemaspildur.



Fellsmerkurdagur

Sérstakur Fellsmerkurdagur var haldinn annað sinn sumarið 2023. Viðfangsefnið var í framhaldi af fyrirlestri Valdimars Reynissonar á aðalfundinum fyrr um vorið: Umhirða skóga. Fellsmerkurdagurinn fór í námskeiði í grisjun sem Valdimar hélt og var með sýnikennslu í grisjun í landi Einars og Guðrúnar að Gilbraut 9. Þar voru munduð verkfæri allt frá litlum greinaklippum og upp í keðjusagir. Lauk námskeiðinu á að Valdimar felldi tré sem hafði staðið til að fella, við bústað Guðrúnar og Einars.

Grillað var í Dönsku-Tó eftir lærdómsríkt námskeið.



Framkvæmdamál



© Einar Ragnar Sigurðsson 2020 / eirasi.is

Gilbraut

Gilbraut

Gilbraut er brött á kafla og þarf að vera vel viðhaldið þannig að hún sé ekki til vandræða. Þar er lækur sem á það til að renna eftir brautinni og að vori er hún oft ekki fólksbílafær. Í vetur rann talsvert efni úr neðsta hluta hennar og telst hún varla fólksbílafær þar. Til frambúðar þarf að skoða hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að þessi lækur renni eftir vegslóðanum.



Akfær vegarslóði liggur einungis hingað.
Ofar eru einungis hjólför í gegnum
lúpínubreiðu og trjágróður vex á veginum.

Efsti hluti Gilbrautar hefur árum saman mætt afgangi í viðhaldi vega á Fellsmörk.

Í raun er ekki hægt að segja að landnemar í Gilbraut nr. 10, 12, 14 og 16 hafi akfæran slóða að sínum spildum. Húsið sem sést á myndinni þar sem lúpínuhjólförin taka við, er á Gilbraut nr. 8.

Gulu doppurnar sína þar sem hjólförin fara í gegnum lúpínubreiðuna en slóðinn sem liggur til vinstri er inn á spildu Gilbraut nr. 9

Hólsbraut

Hólsbraut

Hólsbraut er brött á kafla og þarf að vera vel viðhaldið þannig að hún sé ekki til vandræða. Í vettvangskönnun 29. mars 2024 var neðsti hluti Hólsbrautar með grófri mól með hnallungum innan um 10 til 20 cm þvermál. Efnið var ójafnað og var meira eins og hrúga þar sem vegurinn ætti að vera. Efri hluti Hólsbrautar hefur aldri verið lagður sem slíkur og raunar er búið að planta og útfæra spildur landnema þar sem vegarstæði hafði e.t.v. verið hugsað. Að mestu leyti er ekki mikill ofaníbúður á þessum vegarslóða sem liggur inn Hólsbraut.



Ruslagámurinn við Fell

Ruslagámurinn við fell hefur oft verið til umræðu og þá vegna umgengni almennt við hann en einkum því að hann hefur ekki verið tæmdur nógu oft. Það bar hins vegar til tíðinda vorið 2024 að hann var allt í einu horfinn algjörlega.



Stæði ruslagámsins undir Felli hvar hann er ekki lengur, vorið 2024.


Ruslagámurinn við Fell

Engar upplýsingar lágu fyrir um málið frá Mýrdalshreppi og vakti þetta talsverða furðu. Ekki var vitað hvort gámurinn hefði fokið eða hvort hann hafði verið fjarlægður af einhverjum ástæðum. Þá var einnig algjör óvissa um hvort það mætti gera ráð fyrir að bætt yrði úr.

Svar barst loks frá sveitarfélaginu í byrjun maí og er ástæðan sú að gámurinn eins og hann var, gat ekki með nokkru móti uppfyllt reglugerðir um flokkun sorps. Gert er ráð fyrir að þarna verði bætt úr fljótlega.

Skipulagsmál Fellsmerkur - Aðalskipulag

Aðalskipulag Mýrdalshrepps



Sveitarfélagið Mýrdalshreppur hefur lokið vinnu, staðfest og gefið út á vef skipulagsstofnunar, nýtt Aðalskipulag 2021-2033 sem m.a. nær yfir Fellsfjall.

Skipulagsmál Fellsmerkur - Deiliskipulag


Deiliskipulag Fellsmerkur

Vinna Skógræktarfélags Reykjavíkur (**SR**) við deiliskipulag Fellsmerkur hófst veturinn 2021-2022. Á starfsári Fellsmerkur 2023-2024 gerðist það, að 12. Janúar 2024 var tekin fyrir hjá sveitarfélaginu, umsókn Skógræktarfélagsins um formlegt leyfi til að vinna deiliskipulagið og má þá gera ráð fyrir að það fari í formlega kynningu seinna á þessu ári.

Með umsókninni fylgdi frá Skógræktarfélaginu drög að uppdrætti, sjá næstu síðu.

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk fór yfir drögin að uppdrættinum og sendi athugasemdir til framkvæmdastjóra Skógræktarfélagsins. Annars vegar voru sumar eldri athugasemdir ítrekaðar en einnig bent á villur í örnefnum og öðru slíku. Loks var boðin fram aðstoð við að ljúka vinnu við deiliskipulagið. Bréfið er birt í heild sinni í viðauka við þessa skýrslu.

Í samtölum við framkvæmdastjóra Skógræktarfélagsins kom fram að ætlunin væri að klára vinnu við deiliskipulag og fá það samþykkt á árinu 2024.



Staðsetning deiliskipulagsvæðis

Adalskipulag Myrdalshepps 2012-2028

- SKÝRINGAR**
- Deiliskipulagsmörk
 - Núverandi lóðir
 - Nýjar lóðir
 - Byggingareitur
 - Opin óbyggð svæði
 - Skógræktarsvæði (ekki bindandi)
 - Fjölnotasvæði
 - Girðingar
 - Gönguleiðir
 - Fornleifar
 - Vegir
 - Brautir
 - Raflínur
 - Jarðstrengir
 - Gámasvæði
 - Kaldavatnsholur
 - Bilastæði

Staðhættir og forsaga

Fellsmörk er samheiti yfir svæði það sem tekið hefur verið til skógræktar í landi Fells og Keldudals. Svæðið markast af ánni Klifandi í vestri og Kambá í austri en jarðirnar Áltgröf og Holt Kljufa svæðið í tvennt. Hafursa afmarkar svæðið til suðurs.

Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) hefur haft umsjón með svæðinu síðan 1985 þegar landnemar á vegum félagsins tóku að græða upp bæði spildur sem hver landnemi hafði umsjón með og sameiginleg ræktunarsvæði. Árið 2018 var gengið frá samkomulagi um að SR keypti jarðirnar sem um ræðir af Ríkinu sem átti jarðirnar, með takmörkunum þó. Markmið SR frá upphafi hefur verið að sýna landinu þá virðingu að rækta það og klæða gróðri til að viðhalda og auka gæði þess.

Á þeim fjóru áratugum sem svæðið hefur verið í þróun hefur gróðurfar tekið stakkaskiptum með mikilli aukningu gróðurþekju. Skógræktarstarf reyndist eftirt framan af en ásvind svæðisins hefur breyst með þrotlausu starfi. Gróðursetningu á landnemasplidum er að mestu leyti lokið en sameiginleg svæði bíða enn gróðursetningar eða eru skammt á veg komin. Viðfangsefni í skógræktarstarfi næstu árin munu því snúast um grísjun, viðhald og aðgengi fremur en gróðursetningu.

Helð hefur myndast fyrir að landnemar byggji sér aðstöðu á sinni spildu svo þeir geti sinnt gróðursetningu og annarri uppbyggingu svæðisins í samræmi við samkomulag sem hver og einn hefur gert við SR. Ástæða er til að skýra þessari réttindi og skyldur sem þessari uppbyggingu fylgir og færa uppskiptingu svæðisins í einstaka spildur í skipulag.

Svæðið býður upp á tækifæri til að veita aðgengi að ýmsum svæðum inn til landsins sem gætu notið aukinna vinsælda meðal útivistarfólks. Nálgastr þarf uppbyggingu aðstöðu með fjölbreytta hagsmunir og huga. Bætt aðstaða er vis með að auka umferð sem svæðið þarf að vera búið undir að taka við en án aðstöðu er mögulegt að umferðin komi samt, án nokkurs skipulags. Uppbygging nýrra áfangastaða á Suðurlandi getur jafnframt verið lóður í að dreifa álagi af ferðafjöðunustu á fleiri staði og viðhalda eftirspurn eftir ferðafjöðunustu í landshlutanum.

Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að skýra með hvaða hætti nýta eigi ólík svæði innan Fellsmerkur og afmarka spildur sem skýri forræði notenda þeirra. Önnur svæði verði notuð fyrir sameiginleg eða almenningss nota. Aðgengi gangandi og akandi um svæðið verði skýrt. Gera þarf ráð fyrir að mögulegt sé að verja jarðgæði fyrir ágangi leysingavats og breytinga á árfarvegum.

Skilmálar

Almennt

Vegir: Vegir um svæðið eru auðkenndir á uppdrætti. Umsjón vega er ýmist í höndum Vegagerðarinnar eða landeiganda eftir því sem skýrt er í samkomulagi þar að lútandi. Heimreiðar innan spildna eru á ábyrgð umráðaaðila spildunnar.

Rafmagn: RARIK hefur veitt rafmagnni að bæjarhúsum Fells og inn að Keldudalssvæðinu.

Fráveita: Rotþrær skulu við hvern bústað og er umsjón með þeim á ábyrgð notenda.

Neysluvatn: Hver spilda skal sjá sinum bústað fyrir neysluvatni og eru borholur á ábyrgð notenda.

Sameiginleg svæði og svæði til almennra nota: Tekið er frá fjölnotasvæði sem getur nýst til ýmissa sameiginlegra nota, t.d. sem leiksvæði, tjaldsvæði og matjartaræktun.

Þekktar forminjar eru merktar á svæðinu og er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum og ekki er heldur gert ráð fyrir skógrækt í að minnsta kosti 30 metra fjarlægð frá heim

Landnemasplidur

Spildur eru auðkennd svæði til séráfnota fyrir Landnema að loka skógrækt á sínu landi. Alls er 61 spilda afmörkuð. Öheimilt er að gríða af einstaka spildur. Á hverri spildu er gert ráð fyrir að reisa megi bústað og gilda eftirfarandi skilmálar um þá.

Byggingareitur

Auðkenndur er byggingareitur á uppdrætti og má reisa hús hvar sem er innan hans.

Byggingaheimildir

Hámarksstærð húsa er 100 m² að grunnfleti. Sölpallar umhverfis hús skulu að hámarki 50m² að stærð og teljast ekki með í stærð grunnflatar hússins enda séu þeir ekki yfirbyggðir. Geymsluskúrar, baðstofur, gestahús og slíkar byggingar eru heimil innan byggingareits. Samanlagt flatarmál bygginga á byggingareit skal ekki meira en 120 m².

Hús skulu með rispaki eða einhalla og mænishæð skal að hámarki 6m. Hæðir miðast við að hús séu á einni hæð en með möguleika á svefnlofti og/öð geymslu í nesi.

Ásvind og burðarvirki

Burðarvirki skulu úr timbri og klæðningar að mestu úr timbri en þök mega vera klædd bárujámí eða gróðri. Ef notast er við málalað timbur skal velja dempaða jarðarlit, grænt, gult, rautt eða brúnt.

Undirstöður skulu miðast við að mögulegt sé að fjarlægja húsinn.

Bærinn Fell

Núverandi bæjarstæði hefur verið settið síðan um aldamótin 1900 en var áður vestar á jörðinni. Húsið var reist 1900 og er steinsteypt. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á húsinu öðru en sem verður vegna eðlilegs viðhalds.


Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafrest til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Deiliskipulag Fellsmörk	
VSÓ RÁÐGJÖF	
Tekning:	Dags:.
	



Helstu athugasemdir vegna deiliskipulags, janúar 2024

- Afmörkun byggingarreita
 - Afmörkun byggingarreita innan landnemaspilda ætti að vera eins frjáls og mögulegt er miðað við byggingarreglugerðir. Sum lönd eru löng og mjó þannig að 10m fjarlægð frá lóðarmörkum eins og hefur verið nefnt, myndi skerða mjög möguleika landnema á mjóum spildum að staðsetja hús innan landnemaspildu. Mjóstu spildurnar eru innan við 50m breiðar og þessir 10m sitt hvorum megin jafngilda þá meira en 40% af stærð spildunnar.
- Skoða mætti betur hvar skógrækt er skilgreind á deiliskipulaginu þannig að:
 - Heppileg svæði til skógræktar séu sem mest innifalin. Það á t.d. við um svæði sem liggja að landnemaspildum á austurhluta Fellsmerkur.
 - Svæði sem henta síður til skógræktar séu undanskilin. Það að hafa slík svæði innan skilgreiningar gæti hugsanlega leitt til óþarfa athugasemda í formlegu deiliskipulagsferli. Það á t.d. við um brött gil fyrir innan Krók sem og þar með talið Fjallgil.

Helstu athugasemdir vegna deiliskipulags, janúar 2024

- Orðalag um fráveitur
 - ætti frekar að vera „hver bústaður skuli vera tengdur við rotþró á ábyrgð eigenda viðkomandi bústaðar“ en ekki „rotþró skuli vera við hvern bústað“.
- Örnefni og prentvillur í uppdraetti; allmörg örnefni eru ranglega skráð og önnur sem e.t.v. ættu að vera vantar.
- Gönguleiðir
 - Gönguleið á austurhluta Fellsmerkur, sem er merkt yfir Fjallgil er líklega ekki fær.
 - Ekki er líklegt að hægt sé að ganga með góðu móti upp með þurragili og yfir það.

Fjöldi setinna landa á Fellsmörk

Ekki er vitað til þess að breytingar hafi orðið frá síðasta ári og ef miðað er við okkar eigið félagatal eins og það er á heimasíðu félagsins fyrir aðalfundinn eru alls 32 lönd setin:

Heiðarbraut:	8
Gilbraut:	5
Hólsbraut:	4
Dalbraut:	1
Keldudalur:	4
Hlíðarbraut:	5
Krókur:	5



